

Ed.

329. Frumvarp

til laga um útvarpsrekstur ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

I. KAFLI

Um skipulag og rekstur útvarps.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefir einkarétt til að reka útvarp á Íslandi. Hún lætur starfrækja útvarpsstöð í Reykjavík og má auka orku hennar, eftir því sem þörf krefur. Ríkisstjórnin lætur reisa endurvarpsstöðvar annarsstaðar á landinu, eftir því sem ástæður krefjast. Um orkuaukningu Reykjavíkurstöðvarinnar og byggingu endurvarpsstöðva fer eftir ákvörðunum Alþingis í hvert sinn.

Stöðvarnar og starfræksla þeirra nefnist einu nafni **Ríkisútvarpið** og ber undir kennslumálaráðuneytið.

2. gr.

Fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld Ríkisútvarpsins skal tekin sem sérstakur liður í fjárlög ríkisins á ári hverju.

Tekjum Ríkisútvarpsins og þeirra starfsgreina, sem reknar verða á vegum þess, má eingöngu verja í þágu útvarpsrekstrar og útvarpsnota.

3. gr.

Kennslumálaráðherra skipar útvarpsstjóra. Skulu árslaun hans vera kr. 7500.00, auk dýrtíðaruppbótar. Skal honum falið að annast um allt, sem lýtur að rekstri útvarpsins, skrifstofuhaldi, daglegri umsjón og að hafa á hendi fjárreiður þess allar og reikningshald.

Kennslumálaráðherra skipar ennfremur aðra starfsmenn við Ríkisútvarpið og ákveður laun þeirra, í samræmi við launakjör annara svipaðra starfsmanna ríkisins, að fengnum tillögum útvarpsstjóra. Útvarpsstjóri leitar áhlits og tillagna útvarpsráðs um val þeirra fastráðinna starfsmanna, sem vinna listræn störf og fræðslustörf við útvarpið.

4. gr.

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þrír þeirra og þrír til vara kosnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og þrír og þrír til vara sömuleiðis kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.

Þegar eftir að kosning í útvarpsráð hefir farið fram á Alþingi, felur ráðuneytið skrifstofu Ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn sex manna þeirra, er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum, er ekki fastráðinn starfsmaður Ríkisútvarpsins og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs.

Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða, enda sé fulltrúum útvarpsnotenda tryggður réttur til eftirlits með kosningunni.

Kosning þessari skal vera lokið þegar þrír mánuðir eru liðnir frá því er kosning í útvarpsráð fer fram á Alþingi, og tekur þá hið nýkjörna útvarpsráð við störfum.

Kennslumálaráðherra skipar sjöunda mann í útvarpsráð, og er hann formaður þess. Útvarpsráð velur sér ritara úr sínum hópi.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar, og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra þrjá menn í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára.

5. gr.

Útvarpsráðið tekur ákvarðanir um það, hversu dagskrá skuli hagað í höfuðefnum og leggur fullnaðarsamþykki á dagskrá áður en hún kemur til framkvæmda. Það setur reglur um fréttáflutning útvarpsins og aðrar þær reglur, er þurfa þykir til gæzlu þess, að við útvarpið ríki skoðanafrelsi og fyllsta

óhluðrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum i almennum málum, atvinnu- stofnunum, félögum og einstökum mönnum.

Kennslumálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um störf útvarpsráðs, svo og um þóknun fyrir störf.

Útvarpsstjóri á sæti á fundum útvarpsráðs og hefir þar málfrelsi og tillögu- rétt, en ekki atkvæðisrétt. Hann getur skotið ákvörðunum útvarpsráðs, þeim er mjög varða fjárhag stofnunarinnar, undir úrskurð ráðuneytisins.

Útvarpsstjóri annast undirbúning dagskrár og hefir með höndum daglega umsjón með framkvæmd dagskrár og gæzlu þess, að settum reglum um fréttá- flutning útvarpsins sé fylgt.

6. gr.

Hver sá maður, heimili eða stofnun, sem hagnýtir sér útvarp ríkisins, skal greiða til þess árlegt afnotagjald.

Ráðherra ákveður upphæð afnotagjaldsins um eitt ár í senn, að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarpsráðs.

Óheimilt er hverjum manni að hagnýta sér útvarp ríkisins nema viðtæki hans hafi verið skrásett og tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins. Hvert það við- tæki, sem ekki er tilkynnt skrifstofu Ríkisútvarpsins, skal upptækt vera, og rennur andvirðið til Ríkisútvarpsins.

Heimilt er ráðherra að fela pósthöfundum og póstafréttastofnum landsins að annast innheimtu afnotagjalda fyrir útvarp.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um hagnýtingu útvarps, gjald- skyldu útvarpsnotenda og innheimtu afnotagjaldanna. Heimilt er í reglugerð að ákveða um innsigluð útvarpsviðtækja vegna vanskila á afnotagjöldum og um dráttarvexti.

Heimilt er í reglugerð að ákveða um undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af útvarpi, eftir reglum, sem kennslumálaráðherra setur.

7. gr.

Útvarpsstjóri semur ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur Ríkisútvarpsins, og skal hún send kennslumálaráðuneytinu í tæka tíð við undirbúning fjárlaga.

8. gr.

Ríkisútvarpið hefir sama rétt og landssíminn um nauðsynlegar lagnir um lönd manna, lóðir og byggingar vegna starfsemi sinnar. Óheimilt er öllum að leggja svo nýjar lagnir, hvers kyns sem eru, að þær geti valdið бага eða óreglu á lögnum Ríkisútvarpsins, sem fyrir eru, eða tækjum, sem standa í sambandi við þær.

Ráðherra sker úr ágreiningi um þessi atriði.

9. gr.

Nú hafa einstakir menn, sveitarfélög eða bæjarfélög raflagnir, vélar eða tæki, hvers kyns sem eru, sem geta valdið truflunum á starfrækslu Ríkisút- varpsins, og er Ríkisútvarpinu þá heimilt að gera, á kostnað eiganda, nauðsyn-

legar ráðstafanir um þau tæki eða lagnir, til þess að hindra truflanir, sem af þeim geta hlotizt.

Mönnum, sem eru í þjónustu Ríkisútvarpsins þessara erinda og til eftirlits með útvarpsnotum, skal heimilt að fara tálmunarlaust um lönd manna og hús, ef nauðsyn krefur vegna starfsins, enda fari þeir ekki um hibýli manna fyrir kl. 8 að morgni né eftir kl. 10 að kvöldi.

10. gr.

Í kirkjum, leikhúsum og samkomuhúsum, skólum, veitingasölum og hvarvetna þar, sem almennar skemmtanir eru haldnar eða mannfundir, þar sem umræður fara fram, skal útvarpinu heimilt, án endurgjalds eða nokkurra kvaða, að leggja um húsið nauðsynlegar leiðslur fyrir útvarp og koma þar fyrir útvarpstækjum húseigendum að skaðlausu.

Réttur til að útvarpa því, sem fram fer í húsakynnunum, er óviðkomandi þessum ákvæðum.

11. gr.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa án endurgjalds:

- a. Messugerðum, háskólaerindum og öðrum fræðsluerindum, sem kostuð eru eða styrkt af almannafé.
- b. Umræðum á stjórnmalafundum og öðrum almennum mannfundum.

II. KAFLI

Um einkasölu á útvarpsviðtækjum.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reka einkasölu á viðtækjum fyrir útvarp. Skal þá engum öðrum en ríkisstjórninni eða þeim, sem hún felur það, heimilt að flytja inn í landið viðtæki eða verzla með þau.

13. gr.

Viðtæki skal samkvæmt lögum þessum telja hvert það tæki, sem hægt er að nota til þess að taka við útvarpi, einnig tækjahluta, varahluti slíkra tækja, rafhlöður og rafgeyma, sem notaðir eru við útvarpsviðtæki.

14. gr.

Ríkissjóður leggur fram nauðsynlegt rekstrarfé til einkasölnnar. Allur verzlunarhagnaður af einkasölnni rennur til Ríkisútvarpsins.

15. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um fyrirkomulag einkasölnnar. Skal þar ákveðið meðal annars, hvaða hlutir til sendi- eða viðtækja fyrir útvarp skuli falla undir ákvæði þessara laga.

III. KAFLI

Ýms ákvæði.

16. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—500 kr., nema þyngri refsing liggji við að lögum. Þó skulu brot gegn 12. gr. varða sektum frá 200—2000 kr.

Hvert það viðtæki eða hluti tækis, sem ólöglega er flutt inn í landið eða ætlað til sölu á óleyfilegan hátt, skal upptækt vera, og rennur andvirði þess í rikissjóð.

Brot gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla um leið úr gildi lög nr. 62 19. maí 1930, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning þriggja manna í útvarpsráð og þriggja til vara samkvæmt 4. gr. skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Fer þá um kosningu af hálfu útvarpsnotenda svo sem fyrir er mælt í 4. gr. Fellur þá jafnframt niður umboð núverandi útvarpsráðs.